



Umhverfis-, orku-, og loftslagsráðuneyti
Skrifstofa umhverfis og orku

19. september 2025

Efni: Umsögn stjórnar SSNE um áform um breytingu á ýmsum lögum vegna einföldunar regluverks og aukinnar skilvirkni eftirlits með hollustuháttum, mengunarvörnum og matvælum.

Stjórn SSNE telur markmið um einföldu, samræminu og aukna skilvirkni í opinberu eftirliti jákvæð. Stjórnin vill þó leggja áherslu á að áfram verði starfrækt heilbrigðiseftirlit á svæðisbundnum grunni, enda mikilvægt að áfram verði í boði skýr nærþjónusta og staðþekking, en þó með samræmum verklagsreglum og sameiginlegum stafrænum lausnum. Þannig mætti ná fram þeim úrbótum sem stjórnvöld stefna að án þess að það komi niður á þjónustu í dreifðum byggðum.

Stjórn SSNE gerir athugasemdir við að gert er ráð fyrir að hluti lögbundins eftirlits verði skilinn eftir hjá heilbrigðiseftirlitinu, en flest eru það verkefni sem eru almenn þjónustuverkefni sem skila nánast engum tekjum inn í reksturinn sem þýðir að eftir breytingarnar verður hann enn kostnaðarsamari fyrir sveitarfélögin. Því telur stjórn SSNE mikilvægt að svæðisbundin framkvæmd með ákveðinni samræmingu af hálfu ríkisins væri heppilegust. Það myndi jafnframt minnka líkur á að óeðlilega þungur eftirlitskostnaður leggist á framleiðendur og rekstraraðila utan höfuðborgar-svæðisins, nokkuð sem stjórn SSNE óttast að yrði afleiðingin af þessum tillögum eins og þær eru lagðar fram á Samráðsgátt stjórnvalda.

Stjórn SSNE vill því leggja til til að í stað þessara breytinga verði heldur farið í að laga núverandi kerfi og tryggja öfluga og góða nærþjónustu um allt land.

Virðingarfyllst,

Albertína Friðbjörg Elíasdóttir

Albertína Friðbjörg Elíasdóttir, framkvæmdastjóri